

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis

Sendandi: Vinnumálastofnun

Dags.: 2. maí 2017

Efni: Fæðingarorlofstaka feðra.

Á fundi Vinnumálastofnunar með velferðarnefnd Alþingis 22. mars sl. óskaði nefndin eftir upplýsingum frá stofnuninni um töku feðra á fæðingarorlofi. Í töflum 1 og 2 hér að neðan hefur stofnunin tekið saman helstu upplýsingar fyrir fæðingarárin 2001-2016 eða frá þeim tíma að núgildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 öðluðust gildi.

Hafa ber í huga að um bráðabirgðatölur er að ræða fyrir fæðingarárin 2015 og 2016 þar sem foreldrar geta tekið fæðingarorlof í allt að 24 mánuði frá fæðingu barns, ættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Þannig liggja endanlegar tölur vegna ársins 2015 ekki fyrir fyrr en um áramótin 2017/18 og vegna ársins 2016 um áramótin 2018/19. Þá er rétt að hafa í huga að reynslan hefur sýnt að almennt taka feður fæðingarorlof þegar lengri tími er liðinn frá fæðingu barna þeirra en mæður og því líklegt að tölur vegna áranna 2015 og 2016 eigi eftir að breytast nokkuð. Of skammt er liðið af árinu 2017 svo þær tölur séu marktækar. Loks er rétt að nefna að feður öðluðust sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í áföngum á árunum 2001-2003. Þannig var réttur þeirra einn mánuður frá og með 1. janúar 2001, tveir mánuðir frá og með 1. janúar 2002 og þrjú mánuðir frá og með 1. janúar 2003.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fæddust 4034 lifandi börn á Íslandi á árinu 2016. Það eru 95 færri börn en árið 2015. Frá árinu 2001 þegar núgildandi lög öðluðust gildi hafa því ekki fæðst færri lifandi börn á Íslandi á einu ári, sjá nánar í töflu 1.

Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið. Árið 2016 var frjósemi íslenskra kvenna 1,75 börn á ævi hvernar konu og hefur hún aldrei farið lægra frá því að mælingar hófust árið 1853. Árið 2015 var frjósemi 1,81 en það er næstlægsta frjósemi sem mælst hefur hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Fyrstu fjögur árin var ekkert hámark á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði sem námu 80% af meðaltekjum foreldra á tilteknu viðmiðunartímabili. Árið 2005 var fyrsta hámarkið sett á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði þannig að mánaðarleg greiðsla sjóðsins til foreldris gat að hámarki orðið 480.000 kr. Hámarksgreiðslur sjóðsins hækkuðu árlega eftir það til ársins 2009 þegar þær voru lækkaðar úr 535.700 kr. á mánuði í 400.000 kr. og frá 1. júlí sama ár í 350.000 kr. á mánuði. Á árunum 2010-2012 voru mánaðarlegar hámarksgreiðslur sjóðsins 300.000 kr. Þær voru hækkaðar í 350.000 kr. árið 2013 og 370.000 kr. árið 2014. Þannig hélst mánaðarleg hámarksgreiðsla sjóðsins óbreytt til 15. október 2016 þegar hún var hækkuð í 500.000 kr., sjá nánar í töflu 1.

Þá má sjá í töflu 1 að fjöldi feðra sem hlutfall af fjölda mæðra sem og sá meðaldagafjöldi sem feður tóku í fæðingarorlof jókst jafnt og þétt í samræmi við þróun á mánaðarlegum hámarksgreiðslum sjóðsins til ársins 2008 þegar 90% feðra af fjölda mæðra nýttu rétt sinn til fæðingarorlofs og var meðaldagafjöldi þeirra í orlofi 101 dagur. Frá árinu 2009 eftir að hámarksgreiðslur tóku að lækka hefur bæði dregið úr fjölda feðra sem taka fæðingarorlof og eins taka þeir færri daga en áður. Þannig tóku 81% feðra fæðingarorlof árið 2014 og var meðaldagafjöldi þeirra í orlofi 88 dagur. Þá gefa bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016 ekki til kynna að breyting sé að verða þar á. Það sama má segja um þá mánuði sem eru liðnir af árinu 2017.

Tafla 1

Fæðingarár	Lifandi fædd börn	Hámarksgreiðslur	Mæður (fjöldi)	Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	Meðaldagafjöldi feðra	Meðaldagafjöldi mæðra
2001	4.091	-	4.054	82,4%	39	186
2002	4.049	-	4.070	83,6%	68	187
2003	4.143	-	4.167	86,6%	97	183
2004	4.234	-	4.291	89,8%	96	182
2005	4.280	480.000	4.302	88,2%	99	184
2006	4.415	504.000	4.417	88,6%	99	185
2007	4.560	518.600	4.555	88,5%	101	181
2008	4.835	535.700	4.809	90,0%	101	178
2009	5.026	400.000 350.000 1. júlí	4.965	86,0%	98	178
2010	4.907	300.000	4.823	84,0%	93	179
2011	4.492	300.000	4.412	81,0%	89	179
2012	4.533	300.000	4.416	81,0%	86	179
2013	4.326	350.000	4.197	80,0%	87	181
2014	4.375	370.000	4.249	81,0%	88	182
2015*	4.129	370.000	3.982	80,0%	84	182
2016*	4.034	370.000 500.000 15. okt.	3.867	74,0%	75	182

Heimild: Fæðingarorlofssjóður og Hagstofa Íslands
*Bráðabirgðatölur

Í töflu 2 má sjá að frá árinu 2009 hefur þeim feðrum fjölgað sem ekki nýta að fullu sinn sjálfstæða þriggja mánaða rétt til fæðingarorlofs. Þannig hefur fjöldinn farið úr 19% árið 2009 í 34% árið 2014. Á sama tíma hefur þeim feðrum fækkað sem nýtt hafa meira en þrjá mánuði í fæðingarorlof eða úr 20% árið 2009 í 14% árið 2014. Þá gefa bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016 ekki til kynna að breyting sé að verða þar á. Það sama má segja um þá mánuði sem eru liðnir af árinu 2017.

Tafla 2

Fæðingarár	Hlutfall mæðra minna en 3 mánuðir	Hlutfall mæðra meira en 3 mánuðir	Hlutfall feðra minna en 3 mánuðir	Hlutfall feðra meira en 3 mánuðir	Hlutfall feðra sem taka allt fæð.orlofið í einu
2001	0,9%	94,2%	5,1%	14,5%	45,2%
2002	0,8%	93,4%	10,1%	13,9%	21,2%
2003	1,0%	90,9%	14,2%	16,1%	17,9%
2004	0,1%	89,7%	19,5%	17,1%	25,8%
2005	0,1%	89,7%	19,5%	19,5%	25,8%
2006	0,3%	89,7%	18,5%	19,7%	25,7%
2007	1,5%	90,3%	16,4%	21,2%	25,7%
2008	1,0%	93,1%	22,0%	23,0%	33,0%
2009	1,0%	93,0%	19,0%	20,0%	34,0%
2010	1,0%	95,0%	27,0%	17,0%	31,0%
2011	1,0%	96,0%	31,0%	16,0%	28,0%
2012	1,0%	96,0%	34,0%	14,0%	30,0%
2013	1,0%	96,0%	35,0%	15,0%	33,0%
2014	1,0%	96,0%	34,0%	14,0%	31,0%
2015*	1,0%	96,0%	39,0%	13,0%	35,0%
2016*	1,0%	96,0%	50,0%	11,0%	49,0%

Heimild: Fæðingarorlofssjóður
*Bráðabirgðatölur